



Frá stofnun til heimilis
Frá áhorfanda til þátttakanda



HLÝLEIKAKÖNNUN

EDEN 2016

Samantekt og helstu niðurstöður ásamt samanburði
milli kannana 2013 og 2016

ÚTDRÁTTUR

Niðurstöður könnunar 2016 og samanburður milli kannana bendir til að náðst hafi árangur í að bæta líðan íbúa og að næstu aðgerðir þurfi að taka mið af áherslum á þátttöku íbúa, markvissa upplýsingamiðlun og styrkingu á tengslum við fjölskyldur. Í þessari samantekt er gerð grein fyrir niðurstöðunum og mældum hlýleika á heimilum ÖA og leitast við að draga saman helstu atriði úr niðurstöðum og velt upp mögulegum ályktunum og verkefnum sem af þeim megi draga.

Höfundar: Helga G. Erlingsdóttir og
Halldór S. Guðmundsson

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Framkvæmd.....	3
Niðurstöður	4
Þátttaka og skilningur	4
Tortryggni og vantraust	5
Sjálfræði og virðing.....	5
Einmanaleiki og vanmáttur	6
Tiltrú og öryggi.....	7
Leiði og bölsýni	8
Heildarniðurstaða	8
Ábendingar úr opnum svörum	9
Umræða og ályktanir.....	9
Fylgiskjal 1: - myndrænn samanburður milli kannana 2013 og 2016.....	11
Niðurstöður	12
Þátttaka og skilningur (gagnkvæmni)	12
Tortryggni og vantraust	13
Sjálfræði og virðing.....	14
Einmanaleiki og vanmáttur	15
Tiltrú og öryggi.....	16
Leiði og bölsýni	17
Heildarniðurstaða	18

Inngangur

Síðan 2009 hafa Öldrunarheimili Akureyrar (ÖA) unnið eftir Eden hugmyndafræðinni og eru fyrsta og eina dvalar- og hjúkrunarheimili hér á landi sem hefur alþjóðaviðurkenningu sem Eden-heimili. Viðurkenningin felur í sér ákveðin og reglubundin ferli þar sem gerð er úttekt á tveggja ára fresti á starfsemi heimilanna. Í viðurkenningu Eden samtakanna felst þess vegna gæðavottun á starfsemi og stöðu heimilanna, sem svo þarf að endurnýja reglulega. Slíkt ferli viðheldur stöðugu mati á því sem gert er og hvað megi betur fara og leggur grunn að því úrbótastarfi sem viðheldur og eflir gæðin í starfseminni.

Ýmsar athuganir og fyrirliggjandi gæðamælikvarðar eru hluti af heildarmati við umsókn um Eden vottun. Dæmi um slík gögn eru niðurstöður RAI mats, niðurstöður þjónustukannana og starfsmannakannana. Mikilvægur hluti af úttektinni er fyrirlögn hlýleikakönnunar á meðal íbúa, starfsfólks og aðstandenda. Könnunin var fyrst lögð fyrir í nóvember 2013 og aftur í mars 2016. Könnuninni er ætlað að gefa mynd af því andrúmslofti sem ríkir, hvernig íbúum, gestum og starfsfólki líður á heimilinu og fá fram ábendingar. Niðurstöður könnunarinnar eiga að gefa vísbendingar um hvar heimilið er stadd á Eden ferðalaginu, hvað sé gott og hvað betur megi fara.

Á heimilunum ÖA búa 183 íbúar og um 80 einstaklingar koma vikulega í dagþjálfun. Leitast var eftir að ná 50% úrtakshlutfalli hjá hverjum þátttakendahópi, með handahófsúrtaki af nafnalista, þar til tilskildum fjölda var náð.

Niðurstöðurnar eru flokkaðar eftir sex þeimum; þátttaka og skilningur, tortryggni og vantraust, sjálfræði og virðing, einmanaleiki og vanmáttur, tiltrú og öryggi, leiði og bölsýni.

Niðurstöður könnunar árið 2013 bentu til einmanaleika, leiða og vanmáttar hjá íbúum. Í framhaldi var framkvæmd viðtalsrannsókn og gerð úrbótaáætlun. Niðurstöður könnunar 2016 og samanburður milli kannana, bendir til að náðst hafi árangur í að bæta líðan íbúa og að næstu aðgerðir þurfi að taka mið af áherslum á þátttöku íbúa, markvissa upplýsingamiðlun og styrkingu á tengslum við fjölskyldur.

Í þessari samantekt er grein fyrir niðurstöðunum og mældum hlýleika á heimilum ÖA og leitast við að draga saman helstu atriði og velt upp mögulegum ályktunum og verkefnum sem af þeim megi draga.

Í lokin er síðan viðauki þar sem sýnt er með myndrænum hætti, samanburð kannana 2013 og 2016. Samhliða þessari samantekt er einnig unnin skýrsla um framkvæmd þess hluta könnunarinnar sem snýr að íbúum, en María Guðnadóttir, lýðheilsufræðingur, annaðist þá vinnu og samantekt.

Íbúum, aðstandendum og starfsfólki er þakkað kærlega fyrir þátttökuna og framlag þeirra til að styrkja og bæta starfið á heimilum ÖA.

Framkvæmd

Hlítleikakönnun Eden fór fram í febrúar og mars 2016. Eins og við síðustu könnun voru spurningalistarnir þrír; listi fyrir íbúa og gesti í hvíldarinnlögn og dagþjálfun, listi fyrir aðstandendur og listi fyrir starfsmenn. Allir spurningalistarnir sem notaðir voru í könnuninni 2013 voru yfirfarnir af Eden á Íslandi og minni háttar lagfæringar gerðar á orðalagi nokkurra spurninga, í samræmi við ábendingar og reynslu síðustu könnunar.

Að þessu sinni var viðmið um stærð úrtaks ákveðið sem 50% af fjölda í hverjum þátttakendahópi. Valið var handahófsúrtak, annað hvert nafn af nafnalista, þar til tilskildum fjölda var náð. Könnunin var send út og svarað á rafrænu formi. Íbúum í úrtaki var kynnt og boðin þátttaka af starfsmanni sem sérstaklega var fengin til verkefnisins og veitti aðstoð þeim íbúum sem þess óskuðu.

Öllum aðstandendum og starfsmönnum var sent upplýsinga- og kynningarbréf þar sem boðað var til könnunarinnar og hvernig úrtak yrði gert. Þeir aðilar fengu síðan slóð senda í tölvupósti ásamt stuttum kynningartexta.

Spurningarnar eru staðhæfingar og svarkostirnir: *mjög sammála, sammála, veit ekki, ósammála og mjög ósammála.*

Spurningalistinn fyrir íbúa og gesti samanstendur af 20 spurningum og fengu þeir gestir dagþjálfunar sem þess þurftu/óskuðu, aðstoð frá iðjupjálfum heimilisins við svörun könnunarinnar. Alls svöruðu 89 íbúar og 37 notendur dagþjálfunar, alls 126 einstaklingar.

Spurningalistinn fyrir aðstandendur er líka byggður upp af 20 spurningum og var hann var sendur á rafrænu formi á skráð netföng þeirra sem voru í íbúaskráningarkerfinu „Ellu“. Alls var sent út til 210 netfanga og svöruðu 105 aðstandendur könnunni.

Spurningalistinn fyrir starfsmenn inniheldur 45 spurningar og var hann einnig sendur á raflænu formi til þeirra. Starfsmenn voru að auki spurðir um starfsaldur hjá ÖA og hvað það væri að þeirra mati sem betur mætti fara á heimilinu. Alls svöruðu 103 starfsmenn könnunni.

Svörin eru ekki persónugreinanleg og framsetning á niðurstöðum því aðeins hægt að greina eftir einstökum heimilum og ÖA í heild. Í þessari samantekt er unnið með heildarniðurstöður fyrir ÖA, en úrvinnsla einstakra heimila einnig nýtt sem grunnur og vegvísir við gerð úrbótaáætlunar.

Unnið var úr niðurstöðum með því að slá þær inn í fyrirfram gerðan excel-grunn frá Eden-samtökunum (sjá í niðurstöðukafla). Í einstaka kökuriti, mynda samanlagðar prósentutölur ekki samtöluna 100%. Skýringin liggur í mismun/hlutfalli þeirra sem svara ekki.

Í fylgiskjali 1 er að finna myndrænan samanburð milli kannana ásamt stuttorðuðum skýringum á helstu breytingum milli kannana.


Niðurstöður

Niðurstöður eru flokkaðar eftir sex þemum og eru settar fram í kökuriti. Kökuritið skiptist í tvennt, appelsíugulan/rauðanleitanlit sem mælir hita á heimilinu og bláan lit sem mælir kulda á heimilinu.

Þemun eru: þátttaka og skilningur, tortryggni og vantraust, sjálfræði og virðing, einmanaleiki og vanmáttur, tiltrú og öryggi, leiði og bölsýni, en þessi þemu gefa síðan eitt kökurit fyrir heildarniðurstöðu.

Þeir sem svara „ég veit það ekki“ eða svara ekki spurningunni teljast með þeim sem eru ósammála og eru þar með hluti af „kalda“ svæði kökuritsins.

Þátttaka og skilningur



Í þemanu eru fjórar spurningar fyrir íbúa/notendur og aðstandendur, og fimm spurningar fyrir starfsmenn.

Starfsmenn og íbúar/notendur upplifa meiri hlýju en aðstandendur. Upplifun starfsmanna mælist 71%, íbúar/notendur 67% og aðstandendur 61%.

Spurningar í þessu þema fyrir íbúa/notendur eru: *Ég fæ að vera þátttakandi í ákvarðanatöku. Ég get valið það sem ég borða. Herbergið mitt er heimilislegt. Starfólkið gefur sér tíma til að tala við mig og hlusta á mig.* Í niðurstöðum mælist mesti svari við spurningunni: *Ég fæ að vera þátttakandi í ákvarðanatöku.*


Spurningar fyrir aðstandendur eru: *Heimilismaður og aðstandendur geta tekið þátt í ákvarðanatöku. Herbergi heimilismanns eru heimilisleg. Sjálfboðaliðar koma að starfi heimilisins með ýmsum hætti. tarfsfólkið gefur sér tíma til að talar við og hlustar á heimilismann.*

Niðurstöður tveggja spurninga gefa til kynna svala á heimili sem helst þarf að bæta, en það eru: *Heimilismaður og aðstandendur geta tekið þátt í ákvarðanatöku og sjálfboðaliðar koma að starfi heimilisins með ýmsum hætti.*

Spurningar fyrir starfsmenn eru: *Yfirmaðurinn sýnir mér áhuga í lífi og starfi. Ég er sátt/ur við launin. Ég hef aðgang gögnum og hjálpartækjum til að ná árangri í starfi mínu. Ég get komið á framfæri áhyggjum mínum án þess að starf mitt liggj undir. Ég hef ánægju af því að hjálpa samstarfsfólki mínu.* Sú spurning sem mælist mestur svari í er: *Ég er sátt/ur við launin.*

Tortryggni og vantraust

Tortryggni og vantraust er einungis mælt hjá starfsmönnum og eru sex spurningar í þessu þema.




Starfsmenn mælast hér með 75% hlýju og 25% svara.

Spurningarnar eru: *Ég heyri reglulega að starfsmenn segja neikvæða hluti um aðra starfsmenn. Yfirmenn hugsa meira um rekstrarlegan ávinning en mannlega þáttinn. Mér finnst ég ekki skipta máli í vinnunni. Ef þú byrjar að gera fólki greiða fer það að ganga á lagið og ætlast til of mikils af þér. Ég áfellingist ekki fólk sem hugsar mest um eigin hag. Ég vinn bara hér þar sem ég þarf á laununum að halda.*

Spurningarnar: *Ég heyri reglulega að starfsmenn segja neikvæða hluti um aðra starfsmenn og ég áfellingist ekki fólk sem hugsar mest um eigin hag,* mælast hér með mestan svara.

Sjálfræði og virðing



Í þessu þema eru sex spurningar fyrir íbúa/notendur og aðstandendur, og tólf spurningar fyrir starfsmenn.

Nokkur munur er sýnilegur á milli hópa, því aðstandendur mælast með 72% hlýju en hjá íbúum/notendum er það 90% og þar á milli mælast starfsmenn með 84% hlýju.

Spurningarnar fyrir íbúa/notendur eru: *Starfsfólk heimilisins þekkja mig með nafni. Ég get farið á fætur og háttað þegar ég vil. Ég nýt þess að fara í bað. Ég hef möguleika á að vera út af fyrir mig. Starfsmenn sýna mér virðingu. Ég er ánægð/ur hér.*

Hjá aðstandendum eru það spurningarnar: *Starfsfólk veit hvað ég heiti. Starfsfólk nýt þess að starfa á heimilinu. Ég sé oft börn á heimilinu. Starfsfólkið er vingjarnlegt. Starfsfólk sýnir mér virðingu. Í*


heild er ég ánægð/ur með heimilið.

Þær spurningar sem mælast með svölu eru: Starfsfólk veit hvað ég heiti og starfsfólk nýtur þess að starfa á heimilinu.

Spurningarnar tólf í þessu þema fyrir starfsmenn eru: *Vinnan mín er innihaldsrík og hefur tilgang. Ég er mikilvægur hlekkur í starfsmannahópnum. Ég get verið skapandi. Yfirmenn þekkja mig með nafni. Ég er metin/n að verðleikum í vinnunni. Ég hef möguleika á að nýta hæfileika mína til gagns fyrir heimilið. Ég hef möguleika á að vaxa í starfi á heimilinu. Það er gott í öllum. Fólk segir yfirleitt sannleikann. Í lok dags finnst mér eins og ég hafði bætt lífsgæði heimilisfólks. Ég get mælt með vinnustaðnum við vini mína. Það er gott andrúmsloft á vinnustaðnum mínum.*

Mesti svari mælist í spurningunum: *ég hef möguleika á að vaxa í starfi á heimilinu og fólk segir yfirleitt sannleikann.*

Einmanaleiki og vanmáttur



Í þessu eru tvær spurningar fyrir íbúa/notendur, ein fyrir aðstandendur og fjórar fyrir starfsmenn.

Starfsmenn upplifa mestan hlýleika/hita eða 90%. Aðstandendur upplifa hins vegar minnstan hita eða 67%.


Hjá íbúum/notendum eru spurningarnar: *Ég er einmana og ég finn stundum fyrir vanmáttarkennd.* Mesti svari mælist í seinni spurningunni.

Hjá aðstandendum er ein spurning í þessu þema: *Heimilismaður virðist einmana.*

Spurningarnar fyrir starfsmenn eru: *Vinnan mín er leiðinleg. Ég á erfitt með að ná í yfirmann minn. Þegar ég reyni að sinna starfi mínu mæti ég hindrunum. Ég myndi hætta í vinnunni hér ef mér byðist sambærilegt starf á öðrum stað.*

Í þessu þema mælist mikil hlýja hjá starfsmönnum. Í spurningunni: *Vinnan mín er leiðinleg* eru tveir sammála og níu sammála spurningunni *Ég myndi hætta í vinnunni hér ef mér byðist sambærilegt starf á öðrum stað.* Í spurningunni *þegar ég reyni að sinna starfi mínu mæti ég hindrunum* mælist mesti svari í þessu þema, en það eru tuttugu sem eru sammála þeirri fullyrðingu.

Tiltrú og öryggi



Tiltrú og öryggi í þessu þema eru sex spurningar fyrir íbúa/notendur, sjö spurningar fyrir aðstandendur og tólf spurningar fyrir starfsmenn.

Samhljómur er í þessu þema á milli hópanna. Íbúar/notendur og aðstandendur mælast með heldur meiri hlýju en starfsmenn, íbúar/notendur 86%, aðstandendur 83% og starfsmenn 81%.

Spurningar fyrir íbúa/notendur eru: *Starfsfólkinu er annst um mig / sýnir mér umhyggju. Mér finnst ég örugg/ur. Starfsfólkið er vel þjálfað og veit hvað það er að gera. Ég treysti læknum mínum. Húsnæðið er hreint. Ég get rætt vandamál mín við starfsfólk.*

Í spurningunni *ég get rætt vandamál mín við starfsfólkið* mælist svari hjá íbúum/notendum.


Spurningar til aðstandenda eru: *Starfsfólk ber umhyggju fyrir heimilisfólki. Heimilismaður býr við öryggi. Starfsfólkið er vel þjálfað og veit hvað það er að gera. Ég ber traust til lækna heimilisins. Húsnæðið er hreint. Ég get auðveldlega rætt áhyggjuefni við starfsfólk. Ég tel að enginn sé beittur valdi á heimilinu.*

Í svörum við spurningunni „*ég ber traust til læknis heimilisins*“ mælist mestur svari hjá aðstandendum.

Spurningar fyrir starfsmenn eru: *Yfirmenn vísa okkur veginn. Ég þekki og skil markmið heimilisins. Vinnan mín styður hugmyndafræði heimilisins. Vinnuumhverfið er öruggt. Ég hef möguleika á að þroskast og þróast í starfi. Yfirmenn hlusta og taka mark á skoðunum mínum. Ég hika ekki við að koma með spurningar. Mér eru kynntar breytingar sem geta haft áhrif á starf mitt. Ég veit vel til hvers er ætlast af mér. Yfirmenn hvetja til samstarfs og teymisvinnu. Ég get reitt mig á aðstoð samstarfsfólks ef á þarf að halda. Yfirmenn eru sanngjarnir við alla.*

Mesti svari mælist í *ég hef möguleika á að þroskast og þróast í starfi, yfirmenn hlusta og taka mark á skoðunum mínu og yfirmenn eru sanngjarnir við alla.*

Leiði og bölsýni



Í þessu þema eru tvær spurningar fyrir íbúa/notendur og aðstandendur og fjórar fyrir starfsmenn.

Töluverður munur mælist, en aðstandendur mælast með 57% hlýju og íbúar/notendur 77%.

Spurningarnar fyrir íbúa/notendur eru: *Ég sé sjaldan yfirmenn. Mér leiðist.*

Spurningin *ég sé sjaldan yfirmenn* mælist með mestan svara hjá íbúum/notendum.


Spurningarnar fyrir aðstandendur eru: *Ég sé sjaldan yfirmenn. Heimilismanni virðist leiðast.*

Spurningarnar mælast með svipaðan svara.

Í þessu þema eru spurningarnar fyrir starfsmenn: *Ég vinn undir miklu álagi. Ég eyði of miklum tíma í óþarfa hluti. Ég þarf að fylgja verklagsreglum sem koma í veg fyrir að ég geti skilað góðri vinnu. Fólk lætur eins og það beri meiri umhyggju hvort fyrir öðru en það í raun gerir.*


Í spurningunni *ég vinn undir miklu álagi* mælist svari hjá starfsmönnum.

Heildarniðurstaða



Heildarniðurstaðan hjá hverjum hópi er að íbúar/notendur og starfsmenn eru með svipaða niðurstöðu eða 79% og 80% hlýju, sem mælist hins vegar um 67% hjá aðstandendum.

Samkvæmt þessu er heildarniðurstaðan úr hlýleikakönnuninni hjá hópunum þremur, að svari mælist 26% og hlýja 74%.



Ábendingar úr opnum svörum

Íbúar/notendur voru yfirleitt ánægðir, töluðu um að hér væri gott að vera og heimilið væri til fyrirmyndar. Íbúum líður vel, þykir starfsfólkið frábært og er þakklátt starfsfólki fyrir að verja tíma með þeim. Helstu athugasemdirnar eru: of lítil herbergi, maturinn ekki nógu góður á kvöldin, vilja fá að hafa meiri áhrif á matseðilinn. Að sama skapi að þeir þekki of fáa á heimilunum, kynnist ekki öðrum íbúum og langi meira út.

Aðstandendur töluðu um of mikið álag á starfsmönnum, þeir hópi sig saman í stað þess að sinna íbúum, starfsmenn séu ekki með nafnspjöld, meiri afþreyingu inni á heimilinu, einhæft fæði og ekki vel útilátið, þrífum ábótavant, upplýsingar berast ekki frá yfirmönnum til starfsmanna, upplýsingar um viðburði ábótavant, illa við lausagöngu katta.

Starfsmenn töluðu um skort á upplýsingum, bæta þurfi stjórnun og lélega mönnun.

Umræða og ályktanir

Það er mikilvægt að vera vel meðvitaður um andrúmsloftið á heimilinu, taka vel eftir og vita hvert hitastigið er á „jarðveginum“ um leið og Eden ferðalagið heldur áfram. Heimili sem eru **svöl** gefa vísbendingu um andrúmsloft sem einkennist af: bölsýni, neikvæðni, kaldhæðni og óvingjarnlegu viðmóti. Heimili sem eru **hlý**, gefa vísbendingu um andrúmsloft sem einkennist af: bjartsýni, jákvæðni, trausti, velvilja og hjálpssemi.

Svalt heimili líkist frosinni jörð – ekkert grær í frosinni jörð þrátt fyrir ríkulegan áburð. Hlý heimili gefa eðlilega möguleika á breytingum og vexti, þau eru vongóð og gengur yfirleitt betur. Á hlýju heimili er samvinna og jafnvægi og þar eru samskiptin opin og einlæg.

Niðurstöður könnunarinnar árið 2013 bentu til einmanaleika, leiða og vanmáttar hjá íbúum og til þess að greina betur þær niðurstöður var gerð eigindleg könnun árið 2014 þar sem kafað var dýpra og athugað hvar skórinn kreppti og hvernig hægt væri að gera betur.

Í starfsáætlunum eða aðgerðaáætlunum Eden-ráðs ÖA fyrir árin 2014-2016 var m.a. unnið með niðurstöður könnunarinnar frá 2013 og 2014. Helstu verkefni voru;

- i. fræðsla til starfsmanna,

- ii. fræðsla til íbúa og aðstandenda,
- iii. aukin upplýsingamiðlun í gegnum fréttablaðið okkar Hrafninn og í gegnum netið,
- iv. hvatning og efling starfsmanna og íbúa/notenda til þátttöku í ákvörðunartöku,
- v. kynning á vellíðunarlyklum Eden hugmyndafræðinnar.

Stöðugt þarf að leita svara við „Hvernig vinnum við markvist að því að auka lífsgæði aldraðara á hjúkrunarheimilum?“ Að breyta menningu er ekki auðvelt þar sem breytingarnar þurfa að ná til marga og ólíkra þátta.

Viðhorf og væntingar íbúa/notenda, starfsmanna, aðstandenda og samfélagsins þarf að vinna með, aðlaga húsnæði og alla umgjörð starfseminar að breytingum og nýjum viðhorfum. Eden hugmyndafræðin gefur okkur umgjörð og verkfæri til að vinna með margt af þessu. Eitt af verkfærum Eden hugmyndafræðinnar eru vellíðunarlyklarnir sjö; sjálfsmýnd, tengsl, öryggi, sjálfstæði, tilgangur, þroski og gleði.

Síðasta vetur var kynning á þessum vellíðunarlyklum og næsta vetur (2016-2017) verður haldið áfram að vinna með þá. Í október, nóvember, janúar, febrúar, mars, apríl og maí verður unnið með einn lykilorð í hverjum mánuði og á mismundi hátt til að festa þá í sessi.


Starfsáætlun næstu tveggja ára mun meðal annars taka mið að þeirri niðurstöðu sem hér hefur komið fram og hvernig reynt verði að viðhalda því sem vel er gert og bæta okkur í þeim þáttum sem betur mega fara. Helstu þættirnir sem þarf að vinna með eru:

- Auka þátttöku allra hópa í ákvörðunartöku.
- Upplýsingar um starfseminna til starfsmanna, íbúa, aðstandenda og almennings og m.a. segja frá verkefnum og þróunarstarfi sem er í gangi hverju sinni.
- Efla einstaklingsmiðaða nálgun á þjónustunni.
- Huga að ábendingum íbúa um ástvinamissi og sorg.
- Efla tengsl og samskipti milli íbúa/notenda, aðstandenda og starfsmanna.
- Nýta Eden verkfærin til að draga úr einmanaleika, vanmætti og leiða.
- Upplýsa og kynna störf sjálfboðaliða.
- Bæta upplýsingar um rekstur til starfsmanna.
- Efla og viðhalda jákvæðum starfsanda.
- Fjalla um og vinna með hvata í starfi og vellíðunarlykla.


Fylgiskjal 1: - myndrænn samanburður milli kannana 2013 og 2016.

Í fylgiskjali 1 er að finna myndrænan samanburð milli kannana ásamt stutturðuðum skýringum á helstu breytingum milli kannana.

2013



2016 - FJÖLDI SVARA




Niðurstöður

Niðurstöður eru flokkaðar eftir sex þeimum og settar fram í kökuriti. Kökuritið skiptist í tvennt, appelsínu-/rauðleitan lit sem á að mæla hlýju heimilisins (jákvætt) og bláan lit sem mælir svalann (neikvætt/úrbótapörf).


Þátttaka og skilningur (gagnkvæmni)

2013



Sjá má töluverðan samhljóm milli þátttakendahópanna. Um 67-71% telja heimilið endurspegla hlýju, en um 28-30% telja svo ekki vera.


2016



Hlýja hefur heldur minnkað hjá íbúum og starfsfólki í þessu þema, en minnkað verulega (9 %stig) að mati aðstandenda.


Tortryggni og vantraust

2013




Þessi þáttur er einungis mældur hjá starfsmönnum og er hlýja 73% en svalinn um 25%. Nokkrar spurningarnar í þessum þætti endurspeglu almenna afstöðu svarenda og samfélagsviðhorf. Við úrvinnslu svara kom í ljós nokkur ónákvæmni í þýðingum á 2-3 spurningum, sem gerir að taka þarf niðurstöðunni á þessum þætti með fyrirvara. Könnunin var send til starfsmanna sem voru í meira en 30% starfshlutfalli. Þeir sem hafa unnið þrjú ár eða lengur hjá ÖA voru 51% svarenda.

2016




Mjög áþekk niðurstaða milli kannana.

2013



Íbúar/gestir upplifa meira sjálfræði og virðingu, en aðstandendur og starfsmenn gera. Á meðan 90% íbúa upplifa hlýju gera 78% aðstandenda það.


2016



Breyting milli kannana kemur fram hjá aðstandendum, þar sem hlýja minnkar og kuldi eykst.


Einmanaleiki og vanmáttur

2013



Einmanaleiki og vanmáttur mælist um 27% að mati íbúa/gesta, en minnst hjá starfsmönnum. Eins má segja að 73% íbúa upplifi ekki einmanaleika og vanmátt, jafnframt sem 84% starfsmanna upplifa það ekki heldur.


2016



Milli kannana dregur úr kulda og hlýja eykst að mati íbúa/notenda og starfsmanna. Þessu er öfugt farið að mati aðstandenda.


Tiltrú og öryggi

2013



Aðstandendur upplifa tiltrú og öryggi í meira mæli en starfsmenn, en íbúar/gestir minnst.


2016



Hlýnun að mati íbúa/notenda og áþekk staða að mati starfsmanna. Heldur dregur úr hlýju að mati aðstandenda.


Leiði og bölsýni

2013




Íbúar/gestir upplifa leiða og bölsýni í meira mæli en aðstandendur og starfsmenn gera. Talsverður munur er á svörum hópanna.

2016







Íbúar og starfsmenn upplifa minni leiða og bölsýni en aðstandendur. Hlýnun að mati íbúa og starfsmanna milli kannana. Breytingin að mati aðstandenda, kólnun, kallar að líkindum á frekari skoðun og aðgerðir.

Heildarniðurstaða



Samanlagt er heildarniðurstaða úr hlýleikakönnuninni að mati þriggja svarendarhópa (íbúaga/aðstandenda/starfsfólks) að svali mælist 23.7% og hlýja mælist 75.3% á heimilum ÖA.



Könnunin árið 2016 gefur álíka niðurstöður og 2013, 74% hlýja og 26% svali þegar á heildina er litið.